



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

| |
|-------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. 51 SK |
| 08. nóv. 2013 8.12.1 |
| Tilv. UST20130500156 |

Selfossi, 1. nóvember 2013
1310058HS EI

Efni: Umsögn HES varðandi fráveitu Náttúru fiskiræktar ehf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur móttækið erindi Umhverfisstofnunar dags. 11. október sl. þar sem óskað er eftir afstöðu nefndarinnar um fyrirkomulag fráveitu við fyrirtækið Náttúru fiskirækt ehf. sem áætla að fram leiða allt að 1.200 tonn á ári á bleikju í starfsstöð sinni að laxabraut 5, Þorlákshöfn.

Fyrirtækið hefur sótt um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar en hefur í dag gilt starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu.

Í bréfi Umhverfisstofnunar er jafnframt farið yfir málið er varðar umsagnir HES og UST vegna fyrirkomulags fráveitu.


Nú er óskað eftir afstöðu nefndarinnar, með vísun í sömu grein og HES óskaði eftir umsögn Umhverfisstofnunar (grein 9.7 í reglugerð nr. 798/1999).

Í ljósi landfræðilegra aðstæðna telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands illmögulegt að uppfylla ákvæði 2 mgr. 9. greinar reglugerðarinnar um að veita öllu skólpi minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsföru eða 20 metra út frá stórstraumsförumörkum.

Það fyrirkomulag sem viðhaft er í dag býður auk þess upp á þann möguleika að geta metið fráveituna sjónrænt sem kemur frá fiskeldiskerjunum og þannig aukið mögulegt aðhald með fyrirtækinu um rétta fóðrun í kerjum og hreinleika fráveituvatnsins.

Þrátt fyrir að Heilbrigðisnefnd Suðurlands telji núverandi fyrirkomulag fráveitna eins gott og kostur sé á, leggur hún áherslu á að við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar verði sérstaklega reynt að meta áhrif stækkunar starfseminnar á fráveitufyrirkomulagið og starfsleyfið endurskoðað ef í ljós koma aukin neikvæð áhrif á umhverfið/viðtakann.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,


Elsa Ingjaldsdóttir
framkvæmdastjóri